



Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 19.11.2003

Frumvarp um lækkun lægra þreps VSK úr 14% í 7%, 6. mál

Í frumvarpinu er gerð tillaga um lækkun lægra þreps VSK úr 14% í 7%. Lægra hlutfallið er lagt á matvörur, útleigu hótélherbergja, afnotagjöld útvarpsstöðva, bækur, tímarit, dagblöð og orkugjafa til húsitunar. Lögunum er ætlað að taka gildi við samþykkt þeirra. Ekki kemur fram hve mikið tekjutap ríkissjóðs yrði við breytinguna.

Í greinargerð eru þau rök færð fyrir lækkun skatthlutfalls lægra þrepsins að í því felist lífsskjarajöfnun þar sem tekjulágt fólk verji hærra hlutfalli tekna sinna til matvæla en þeir sem hærri tekjur hafa. Ekki eru færð rök fyrir lækkun skatta á aðra vöru- og þjónustuliði en matvæli í lægra þrepinu. Samkvæmt neyslukönnun Hagstofu Íslands fyrir árið 1995 kemur fram að hjón með börn í lægsta tekjubili verja 20,0% af heildargjöldum sínum til kaupa á mat og drykkjarvörum samanborið við 18,6% hjá öllum hjónum með börn. Þegar rýnt er í hlutfall undirliða matvælaliðarins kemur í ljós að þessi munur skýrist að stórum hluta af því að heimili með lægri tekjur verja hærra hlutfalli en heimili í heild í liðina „sykur, súkkulaði, sælgæti o.fl.“ (2,1% samanborið við 1,9% í heild) og „Gosdrykkir, safar og vatn“ (2,1% samanborið við 1,8% í heild). Rétt er að vekja athygli á því að á matvæli í þessum flokkum er ýmist lagt hærra þrep virðisaukaskatts eða svokallað vörugjald, eða hvort tveggja.

Samtök atvinnulífsins telja að það grundvallarsjónarmið eigi að ríkja við skattlagningu að skattstofnar séu breiðir. Lægstu mögulegu jaðarskattar fást fram með því að forðast eins og unnt er sértækar lækkanir og undanþágur frá skatti. Þannig eru skaðleg áhrif skattanna lágmarkuð, hvort sem litið er til áhrifa á neyslu, fjárfestingar eða undanskot. Því lægri og almennari sem jaðarskatthlutföllin eru þeim mun minni eru líkurnar á bjöguðum fjárfestinga- og neysluákvörðunum sem hafa sóun í för með sér. Það felur í sér að önnur rök og sjónarmið en jöfnuður ráða ferð. Þá er óhjákvæmilegt að líta til áhrifa alþjóðavæðingar og þróunar innan ESB, og þar með á Evrópska efnahagssvæðinu, þegar teknar eru ákvarðanir um grundvallarbreytingar á skattkerfinu.

Nauðsynlegt er einnig að breytingar á VSK-kerfinu séu hluti af heildstæðri áætlun um fyrirkomulag skattheimtu hér á landi og að ekki sé rokið til og gripið til sértækra breytinga á skattlagningu einstakra vöruliða. Í ljósi alþjóðlegrar þróunar og samkeppnisstöðu landsins eru



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

margrar breytingar á skattkerfinu brýnni en lækkun lægra þreps VSK en þær eru í fyrsta lagi afnám vörugjalda og í öðru lagi lækkun hærra hlutfallsins sem er meðal þess hæsta sem þekktist í heiminum. Líklegt er að þau ríki sem búa við hærra hlutfall en Íslendingar, þ.e. Svíar og Danir sem búa við 25% almennt hlutfall, muni lækka það á komandi árum vegna þróunar innan ESB. Sú þróun mun einnig hafa áhrif á Íslandi.

Tímasetning skattalækkana er mikilvæg af sjónarhóli hagstjórnar. Skattalækkun án tilsvaramandi gjaldalækkunar er afar varasöm við núverandi aðstæður þegar einkaneysla fer ört vaxandi með meðfylgjandi eftirspurnar- og verðbólguþrýstingi. Meginviðfangsefni hagstjórnar á komandi misserum er að halda aftur af eftirspurn þannig að komið verði í veg fyrir ofpenslu og verðbólgu. Í þeirri baráttu skiptir aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum sköpum bæði fyrir hag heimila og fyrirtækja. Ákvarðanir um skattalækkanir verður þar af leiðandi að taka með hliðsjón af áformuðum útgjöldum og stefnunni í ríkisfjármálum í heild.

Samtök atvinnulífsins geta að svo stöddu ekki mælt með samþykkt frumvarpsins, af ofangreindum ástæðum.

Virðingarfyllt,

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri